

- b. Fyrir staðsetningu húss eða annars mannvirkis á lóð, $\frac{3}{4}$ mælingargjalds samkvæmt staflið a., ef staðsetning krefst ákvörðunar lóðamarka, ella kr. 50.00. 11. marz 45
- c. Fyrir hæðarákvörðun húss eða annars mannvirkis, kr. 50.00.
- d. Fyrir tillöguupprátt vegna lóðarskiptingar eða markabreytinga, sem leyfi byggingarnefndar þarf til, kr. 50.00.
- e. Fyrir áritun skjala um eigendaskipti, kr. 30.00, og afrit af lóðarupprætti sama gjald.
- f. Fyrir önnur störf lóðaskráritara, samkv. ákvörðun hans í hvert skipti.
- Á framangreind grunngjöld skal reiknuð uppbót, samkvæmt gildandi kaupgjaldsvísitölu á hverjum tíma. Gjöldin ber að inna af hendi um leið og þjónustunnar er óskað.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 35 2. nóv. 1914, sbr. lög nr. 35 20. júní 1923, um skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 204 16. október 1952, um einkennisbúning starfsmanna flugmálastjórnarinnar.

46

11. marz

1. gr.

Í 2. gr., 1. a., falli burtu setningin „Á reisin skulu vera gylltir útsaumaðir vængir“ o. s. frv., en í staðinn komi:

Á reisin á húfu þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr., a.—f., skulu vera gylltir útsaumaðir vængir og á þá fest skjaldarmerki Íslands, 4 cm hátt, gyllt, úr málm, en þetta er merki flugmálastjórnarinnar.

Á reisin á húfum þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr., g.—i., skal fest merki flugmálastjórnarinnar, allt úr málm.

2. gr.

3. gr., b.-liður orðist svo:

Á Reykjavíkurflugvelli:

Flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn og starfsmenn sjóflughafnar.

3. gr.

Í 4. gr., g.-lið, falli burtu orðin „11 mm breiðir gullborðar“, en í staðinn komi: Þrír 2 mm breiðir gullborðar með 10 mm millibili, er mynda gleitt horn, og skal sá yzti vera 20 mm frá enda axlaspeldis.

4. gr.

Í 4. gr., h.-lið, falli burtu orðin „Tveir 8 mm breiðir gullborðar“, en í staðinn komi: Tveir 2 mm breiðir gullborðar með 10 mm millibili, er mynda gleitt horn, og skal sá ytri vera 20 mm frá enda axlaspeldis.

- 46 11. marz Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1953.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

- 47 12. marz

AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1950.

1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

40 7 Ósagaður trjáviður í fisktrönur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.

- 48 13. marz

REGLUGERÐ

um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

Samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 60 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka:

1. gr.

Í I. launaflokki, með 10 200 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 6 launalaganna, nr. 60 1945, skulu vera þessi læknishéruð:

Álafosshérað	Árneshérað
Akraneshérað	Hofsóshérað
Kleppjárnsreykjahérað	Siglufjarðarhérað
Búðardalshérað	Grenivíkurhérað
Reykholahérað	Breiðumýrarhérað
Flateyjarhérað	Kópaskershérað
Bildudalshérað	Þórshafnarhérað
Bolungavíkurhérað	Vopnafjarðarhérað
Ísafjarðarhérað	Bakkagerðishérað
Súðavíkurhérað	Búðahérað (Fáskrúðsfjarðarhérað)